

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1533 frá 24. júlí 2023 um viðurkenningu á að kröfur í umhverfisstjórnunarkerfinu Ecoprofit séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) í samræmi við 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1809 frá 14. september 2023 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna íseygra hreinlætisvara og margnota tíðabikara ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun (ESB) 2023/1809 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1eat (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2054):

„1eau. **32023 D 1533**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1533 frá 24. júlí 2023 um viðurkenningu á að kröfur í umhverfisstjórnunarkerfinu Ecoprofit séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) í samræmi við 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 (Stj tíð. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stj tíð. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 28.

⁽²⁾ Stj tíð. ESB L 234, 22.9.2023, bls. 142.

⁽³⁾ Stj tíð. ESB L 320, 6.11.2014, bls. 46.

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2zo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB):

„**32023 D 1809**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1809 frá 14. september 2023 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna íseygra hreinlætisvara og margnota tíðabikara (Stjtið. ESB L 234, 22.9.2023, bls. 142).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2023/1809 og framkvæmdar-ákvörðunar (ESB) 2023/1533, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.